

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 14. janúar 2013 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-76/2013:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 4. október sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á tvennum buxum, sem hann keypti af Y sem rekin er af Z, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi fer fram á að nýja afhendingu eða riftun.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. 15. október sl., gaf kærunefndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau hinn 26. október. Með bréfi, dags. 29. október, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og frest til þess til 12. nóvember. Engin frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 3. janúar sl., var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni kemur fram að álitsbeiðandi keypti tvennar buxur af seljanda hinn 11. maí 2012. Voru báðar buxurnar af gerðinni Levi's 519 New Aestheti, en aðrar þeirra kostuðu kr. 19.990 en hinar kr. 17.990.

Segir álitsbeiðandi að rétt fyrir lok september sl., hafi hann veitt því athygli að komið var gat eða rifa í klofið á báðum buxunum sem hann hafði keypt af seljanda. Kveðst álitsbeiðandi strax í kjölfarið hafa farið með buxurnar í verslun seljanda og óskaði þar eftir því að fá afhentar nýjar buxur. Segir álitsbeiðandi að seljandi hafi viljað fá frest til að láta fagaðila meta hvort buxurnar væru gallaðar og hafi hann fallist á það. Þegar álitsbeiðandi hafði sambandi við seljanda að nýju var honum tjáð að seljandi hafnaði kröfum hans þar eð fagaðilinn hefði ekki talið buxurnar gallaðar. Við sama tilefni bauð seljandi álitsbeiðanda afslátt af nýjum buxum.

Álitsbeiðandi telur það vart geta staðist að buxurnar séu ekki gallaðar, hann starfi sem lögreglumaður og sé því flesta daga í einkennisbúningi, sem þýði að ekki hafi reynt mikið á buxurnar á þeim tíma sem hann hefur átt þær. Þá eigi hann aðrar buxur sem hann noti einnig. Buxurnar hafi því lítið verið notaðar frá því þær voru keyptar. Álitsbeiðandi segist einnig hafa talið sig vera að kaupa gæðavöru og því verið tilbúinn að greiða hátt verð fyrir buxurnar. Hins vegar hafi gæðin reynst lítil miðað við endingu buxnanna og í engu samræmi við fullyrðingar starfsmanns seljanda um gæði þeirra.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum, rituðum af framkvæmdastjóra seljanda, kemur fram að á þeim bæ hafi mál álitsbeiðanda verið skoðað vel. Eins og fram komi í álitsbeiðni hafi álitsbeiðandi komið til seljanda um eða eftir 24. september sl. með tvennar buxur sem hann hafði keypt 11. maí s.á. Í samræmi við verklagsreglur seljanda hafi verslunarstjóri skoðað buxurnar og um hafi verið að ræða samskonar göt á báðum buxum, staðsett í nára.

Hafi verslunarstjóri kannað hvort samskonar buxur hefðu verið að koma inn til seljanda með svipuðum galla en svo reyndist ekki vera, samskonar buxum hefði ekkert verið skilað vegna galla. Hafi verslunarstjóri heldur ekki getað séð að buxurnar væru haldnar framleiðslugalla, hann hafi hins vegar leitað til hlutlauss aðila til að meta hvort svo væri og farið með buxurnar á saumastofu. Segir seljandi að þrátt fyrir að téð saumastofa sé ekki fagaðili í göllum, þá vinni þar fólk sem hafi mikla þekkingu og reynslu af meðhöndlun fatnaðar og þekki vel til eðli efna. Hafi niðurstaða saumastofunnar verið sú að buxurnar hefðu orðið fyrir núningi í nára, sem hefði valdið því að á þær kom gat, en efnið í buxunum gæti hins vegar ekki talist gallað.

Seljandi rekur að lokum að í báðum þeim buxum sem deilt er um, sé bómull og að sú bómull hafi verið meðhöndluð á tvo vegu af framleiðanda til að fá fram ólíka áferð, lit og þykkt í efnið. Telur seljandi afar ólíklegt að sami galli komi upp í tveimur ólíkum buxum. Líklegra sé að ástæða fyrir því að gat myndaðist á sama svæði beggja buxna sé sú meðferð sem buxurnar hafa hlotið við notkun. Bómull sé efni sem eyðist við ákveðinn núning.

V

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir nr. 48/2003 um neytendakaup.

Samkvæmt því sem rakið er í álitsbeiðni, keypti álitsbeiðandi tvennar gallabuxur af seljanda hinn 11. maí 2012 fyrir samtals kr. 37.980. Í síðari hluta september, eða rúmum fjórum mánuðum eftir kaupin, varð álitsbeiðandi var við að gat var á báðum buxum við sauma í nára. Þetta taldi álitsbeiðandi ekki vera í samræmi við þá litlu notkun sem buxurnar höfðu verið í og fór hann fram á það við seljanda að fá afhentar nýjar buxur eða rifta kaupunum, enda hlytu buxurnar að vera haldnar galla.

Í IV. kafla laga nr. 48/2003 er kveðið á um eiginleika söluhlutar, galla o.fl. í a-c-lið 2. mgr. 15. gr. segir eftirfarandi:

„Ef annað leiðir ekki af samningi skal söluhlutur:

a. henta í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru venjulega notaðir til;

b. hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað;

c. henta í ákveðnum tilgangi sem seljandinn vissi eða mátti vita um þegar kaup voru gerð, nema leiða megi af atvikum að neytandi hafi ekki byggt á sérþekkingu seljanda og mati hans eða hafi ekki haft sanngjarna ástæðu til þess“

Í 16. gr. sömu laga segir að söluhlutur teljist vera gallaður sé hann ekki í samræmi við þær kröfur sem komi fram í 15. gr. laganna.

Kærunefndin hefur skoðað báðar gallabuxurnar sem um er deilt. Er augljóst við skoðun að komið er gat á buxurnar við sauma í nára. Álitsbeiðandi hefur tekið fram að frá því hann keypti buxurnar hafi hann notað þær lítið. Ekki er annað leitt í ljós en þessi fullyrðing hans sé rétt. Er um að ræða buxur af tegund sem almennt er talin gæðavara og verðlögð samkvæmt því. Þrátt fyrir þetta hafa buxurnar ekki haft lengri endingu en tæpa fimm mánuði og eru því að mati kærunefndarinnar haldnar galla. Buxurnar eru þrátt fyrir þann galla vel nothæfar, fari fram viðgerð á þeim. Er gallinn á buxunum því ekki, að mati kærunefndarinnar, svo mikill að tilefni sé til að heimila riftun á kaupunum.

Samkvæmt 26. gr. laga nr. 48/2003 á neytandi vól á ýmiss konar úrræðum þegar söluhlutur er haldinn galla. Þar á meðal afsláttur af kaupverði, sbr. c-lið 1. mgr.

lagagreinarinnar. Kærunefndin álitur að álitsbeiðandi eigi rétt á afslætti af kaupverðinu og metur hann að álitum kr. 10.000.

VI

Álitsorð

Seljandi, Z, greiði álitsbeiðanda X, kr. 10.000.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir